

Samningur um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu.

Garðabær – Hafnarfjörður – Kópavogsbær – Mosfellsbær – Reykjavíkurborg og
Seltjarnarnesbær

Viðauki við gildandi samning um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu

Samstarfsnefnd skilar starfs- og verkefnaáætlun fyrir 1. október ár hvert sem varðar veginn fyrir samstarf næsta árs. Höfuðborgarstofa ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu innan sameiginlegrar fjárhagsáætlunar ársins sem samstarfsnefnd hefur samþykkt. Höfuðborgarstofa skal skila fjárhagsáætlun til samþykktar hjá samstarfsnefndinni fyrir 1. nóvember ár hvert og samantekt á verkefnum ársins eigi síðar en 1. mars árið eftir.

Samkvæmt samningi þessum eru framlög samstarfsaðila endurskoðuð á ársgrundvelli og skal fjárframlag hvers aðila liggja fyrir eigi síðar en 1. september hvert ár.

Framlög sveitafélaga skiptast starfsárið 2020 með eftirfarandi hætti:

Reykjavík	5.050.000 kr.
Hafnarfjarðarbær	1.500.000 kr.
Kópavogsbær	1.500.000 kr.
Garðabær	750.000 kr.
Mosfellsbær	750.000 kr.
Seltjarnarnesbær	550.000 kr.

Framlag Reykjavíkurborgar er m.a. í formi vinnu starfsmanna um utanumhald og framkvæmdir, umsjón og þróun vefs og spjallhermis, samstarf og árgjald til Iceland Naturally, árlegt gjald vegna myndabanka og ferðasýningar.